

## GJALDSKRÁ fyrir búfjáreftirlit í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Endurskoðun gjalðskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

5. gr.

Gjalðskrá þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*